

## Fjárlaganefnd Alþingins

# Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2025 – 2029, mál.: 1035 frá 23. apríl 2024.

## Umsagnaraðili: Framkvæmdastjórn Sjúkrahússins á Akureyri.

Starfsemi og verkefni Sjúkrahússins á Akureyri hefur þróast á undanförunum árum í samræmi við breytta samsetningu skjólstæðinga, aukinn íbúafjölda og aukna kröfu um veitta sjúkrahús- og heilbrigðistengda þjónustu innan samfélaganna á Norður- og Austurlandi.

Sjúkrahúsið á Akureyri er með skilgreinda sérhæfða sjúkrahúsþjónustu en því fylgir sú skylda að veita nauðsynlega sérfræðipjónustu í nær öllum, viðurkenndum greinum læknisfræði, hjúkrunarfræði og eftir atvikum öðrum greinum heilbrigðisvísinda sem stundaðar eru hér á landi, með aðgengi að stoðdeildum og rannsóknadeildum. Sjúkrahúsið nær ekki að uppfylla allar þessar skyldur í dag.

Samkvæmt lögum er Sjúkrahúsið á Akureyri varasjúkrahús Landspítala. Ekki liggur fyrir fullmótuð skilgreining í hverju þetta er fólgið og mikilvægt að ráðist verði í vinnu sem skilgreinir þetta hlutverk betur. Samhliða þarf að vinna öryggismat fyrir sjúkrahúsið sem ætlað er að sinna hlutverki sem varasjúkrahús. Þar þarf að horfa til og tryggja innviði þannig að sjúkrahúsið geti annast slíkt verkefni.

Í ljósi þess hlutverks sjúkrahússins bendir framkvæmdastjórn á að við fjárlagagerð hvers árs og í fjármálaáætlun til lengri tíma verði sjúkrahúsinu tryggt nægjanlegt fjármagn til að rækta skyldur sínar og sinna hlutverki sínu til framtíðar en aðeins



Þannig má tryggja enn frekar færri flutninga á sjúklingum frá landsbyggðinni til Landspítala með tilheyrandi álagi og aukins kostnaðar í heilbrigðiskerfinu.

Starfsemin á Sjúkrahúsinu á Akureyri hefur verið mun umfangsmeiri en þau fjárframlög sem gert er ráð fyrir og því mikilvægt að framtíðarstefna um hlutverk og starfsemi sjúkrahússins sé skýr og fjármagn sem til hennar er lagt á hverjum tíma endurspegli hlutverk og starfsemi þess. Greining á kostnaði bendir til þess að um 800 - 1000 m.kr. vanti í fjárlagagrunn sjúkrahússins á árinu svo hægt sé að viðhalda núverandi þjónustustigi. Þörf er á frekara fjármagni til þess að standa vörð um starfsemi sjúkrahússins og þróa þjónustuna í takt við þarfir samfélagsins og lagalegar kröfur um hlutverk sjúkrahússins.

Framkvæmdastjórn leggur til, í ljósi mikilvægi sjúkrahússins, að vinnu við endurskoðun á starfsemi, hlutverki og fjárveitingum fyrir Sjúkrahúsið á Akureyri verði sérstaklega komið við í fjármálaáætlun fyrir árin 2025 – 2029.



SJÚKRAHÚSIÐ Á AKUREYRI  
AKUREYRI HOSPITAL

ÖRYGGI SAMVINNA FRAMSGÆKNI

Heimilisfang | Address:  
Eyrarlandsvegi  
IS 600 Akureyri  
Ísland | Iceland

Sími / Tel 463 0100 | +354 463 0100  
www.sak.is  
sak@sak.is  
Kennitala | ID 580269-2229

Viðskiptabanki | Bank Íslandsbanki Akureyri  
Reikningur | Account number 0566 26 3100  
ISBAN IS660566 2600 3100 5802 6922 29  
SWIFT (BIC) GLITISRE